

og Kristján B. Guðmundsson greiði stefnda Sveini Jónssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Ídæmdur málskostnaður og sektir greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 58/1906:

Björn Símonarson
gegn

Guðmundi Gíslasyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi trésmiður Guðmundur Gíslason fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Birni gullsmið Símonarsyni í Reykjavík til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér eftirstöðvar er hann gjörði tilkall til 2425 kr. 34 a. af borgun fyrir breytingar og viðauka við hús Björns í Vallarstræti 4 í Reykjavík, og var málið dæmt í nefndum rétti 13. des. f. á. með þeim úrslitum, að Björn var skyldaður til að greiða stefnda þá upphæð með 5% vöxtum frá sátta-kærudegi til borgunardags, er dómkvaddir menn mætu stækkun þá og viðgerðir við fyrnefnt hús áfrýjanda, er stefndi leysti af hendi árið 1905, að frádregnum 5560 kr., þó ekki hærri en 2425 kr. 34 a. Málskostnaður vær látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Björn Símonarson gullsmiður skotið til yfirdómsins með stefnu, útg. 31. des. f. á.,

og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara að málið verði látið vera komið undir eiddi áfrýjanda um það hvernig samningar hafi verið milli hans og stefnda um húsbreytinguna, eða, ef til kæmi, um það, hvort áfrýjanda hafi verið það kunnugt, að stefndi væri ómyndugur, er samningarnir gjörðust milli þeirra vorið 1905. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar hjá stefnda fyrir báðum réttum. Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, útg. 4. febr. þ. á., og krafist þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2425 kr. 34 a. með 5⁰/₁₀ vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en til vara, að dómurinn verði staðfestur og hvernig sem málið fer, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum.

Vorið 1905 tók stefndi að sér að breyta og byggja ofan á hús áfrýjanda, sem fyr er nefnt, og átti stefndi fyrir efni og vinnu við húsbreytinguna að fá 4650 kr.

En síðar sömdu málsaðilar um tvennar nýjar breytingar og skyldi stefndi ennfremur fá fyrir þær 800 kr. Alls var þá samið um að stefndi fengi fyrir umsamdar breytingar á húsinu 5450 kr. Að öðru leyti en þessu kemur málsaðilum eigi saman um hvernig samist hafi milli þeirra. Áfrýjandi hefir haldið því fram, að allar þær breytingar á húsi hans, er stefndi hefir gjört og krefst borgunar fyrir í máli þessu, hafi verið innifaldar í hinum gjörðu samningum og hafi hann því eigi átt heimting á meiri borgun en í þeim var til tekin, og með því að hann hefir þegar greitt stefnda fyrir verkið 5560 kr., telur hann sig jafnvel hafa greitt 110 kr. umfram skyldu sína. Stefndi hefir aftur á móti haldið því

fram, að borgunin, sem talast hafi til milli þeirra málsaðila að hann fengi fyrir umsamdar húsbreytingar, hafi eigi verið öðru vísi ákveðin eða einskorðuð með fyrnefndum upphæðum, en að hvorugur málsaðila átti að biða meiri halla af samningunum en næmi 300 kr., og með því að hallinn hafi orðið meiri fyrir stefnda en þessi upphæð, eigi áfrýjandi að greiða honum mismuninn. Svo hafi og samningarnir alls eigi náð til allra þeirra breytinga er hann hafi gjört á húsinu eftir beiðni áfrýjanda, en verk sín að húsmíðinni utan þeirra hafi numið meira en 2595 kr., sem hann kveðst eiga tilkall til hjá áfrýjanda auk umsamdrar borgunar eftir samningunum. Stefndi skýrir svo frá, og hefir lagt fram í málinu reikninga fyrir því, að húsbreytingin öll, er hann hefir unnið að og fullgjört fyrir áfrýjanda, hafi kostað alls 8285 kr. 34 a., og þar sam áfrýjandi hafi að eins greitt sér af þessari upphæð 5560 kr. eigi hann enn að réttu lagi heimting á 2725 kr., sem hann þó vegna fyr téðs samningsákvæðis í tilslökunarskyni vilji færa niður um 300 kr., og er því aðalkrafa stefnda í þessu máli, að honum verði dæmdar 2425 kr. hjá áfrýjanda fyrir alla húsbreytinguna. En til vara, ef svo yrði litið á samningana, sem áfrýjandi heldur fram, hefir stefndi krafist þess, að ekki verði tekið tillit til þeirra, en að þeir verði taldir ógildir gagnvart stefnda, með því að hann hafi verið ófullveðja er samningar gjörðust og hann vann verkið fyrir áfrýjanda.

Samningarnir milli málsaðila voru að eins munnlegir og eigi við votta, og það hefir eigi sannast í málinu hvor málsaðila hefði réttara fyrir sér um innihald þeirra, en eins og atvik málsins eru, verður þá stefnda eigi

samkvæmt samningunum dæmd krafa sú á hendur áfryjanda, er hann aðallega gjörir í málinu.

Hins vegar er það rétt og sannað nægilega í málinu, að stefndi var ófullveðja er áfryjandi samdi við hann um húsbreytinguna og stefndi tók verkið að sér og vann það. En þar sem svo var ástatt og þar sem samningarnir lutu ekki einungis að vinnu stefnda sjálfs, heldur miklu fremur og mestmegnis að útvegum efnis til hússmíðinnar og vinnu annara manna, sem stefndi átti með samningunum að hafa undirgengist að leggja fram kostnaðinn til, þá var stefndi ekki fær um að gjöra samningana án meðráðamanns, eins og hann þó gjörði, svo að þeir væru gildir gagnvart honum. Og þó að stefndi hafi fullnægt samningunum að sínu leyti, þá gjörir það engan mun í þessu tilliti, en áfryjandi, sem gat fengið vitneskju um það, ef hann vildi, að stefndi var ófullveðja, þar sem honum haustið áður hafði verið skipaður meðráðamaður hér í bæ, verður að greiða stefnda sanngjarna borgun fyrir verk það, er hann vann fyrir hann, án tillits til samninganna, og er þá rétt, eins og gjört er í bæjarþingsdóminum, að borgun þessi verði metin af dómkvöddum óvilhöllum mönnum. Það ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að áfryjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandi Björn gullsmíður Símonarson greiði stefnda

Guðmundi trésmið Gíslasyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 56/1906:

Sveinn Jónsson
gegn
Sturlu Jónssyni.

D ó m u r :

Hinn stefndi kaupmaður Sturla Jónsson í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn áfryjandanum Sveini bónda Jónssyni á Vatnsenda til þess að fá hann dæmdan til að endurgjalda sér eftirstöðvar af veðskuld til viðlagasjóðs, er hann hafði orðið að greiða fyrir Svein að upphæð 2386 kr. 72 a., ásamt vöxtum; en áfryjandinn Sveinn Jónsson höfðaði þá gagnsök á hendur stefnda, Sturlu Jónssyni, til skaðabóta er hann krafðist að kæmu til frádráttar hinu umkrafða endurgjaldi. Var málið dæmt í nefndum rétti 6. des. f. á. með þeim úrslitum, að stefndi var syknaður af skaðabótakröfu áfryjanda, en áfryjandi dæmdur til að greiða stefnda hinar umstefndu 2386 kr. 72 a. með 3⁰/₀ vöxtum frá 13. jan. til stefnudags 23. apríl 1906 og 4⁰/₀ vöxtum frá þeim degi til borgunardags, og enn fremur málskostnað með 40 kr.